



Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	30.10.2017
Stykki	09.30
Mál nr.	1710299

HESTAMANNAFÉLAGIÐ SPRETTUR

Bæjarstjórn Garðabæjar

Gunnar Einarsson bæjarstjóri

Garðatorgi 7

210 Garðabæ

Kjóavöllum 27. okt. 2017.

Efni: Aðal- og deiliskipulag Heiðmerkur og Sandahlíðar.

Hestamannafélagið í Sprettur fagnar því að staðfest er aðal- og deiliskipulags fyrir Sandahlíð og Heiðmörk í Garðabæ, sér í lagi skipulagi útivistar og reiðleiða í deiliskipulaginu. En um leið hörmum við að ekki sé tekið tillit til athugasemda sem gerðar voru af hálfu hmf. Spretts við skipulags-tillögurnar. Verði niðurstaðan sú að skipulaginu verði fylgt hvað varðar reiðveg frá Kjóavöllum í Grunnuvatnaskarð þá verður heildar framkvæmdin dýrari en ef sú leið sem hestamenn leggja til verður fyrir valinu, munar 250 mtr. í vegalengd. Okkur er efst í huga öryggi hestamanna gagnvart annarri umferð og vísam í athugasemdir sem voru gerðar við skipulagstillögurnar.

Athugasemdir sem Sprettur gerði vegna reiðvega á skipulagstillögnum:

Hestamenn leggjast gegn legu reiðvegar frá Kjóavöllum í Grunnuvatnaskarð, eins og hann er sýndur á skipulagsuppdraetti. Reiðvegurinn liggur að hluta með Elliðavatnsvegi, um fyrirhugað nýtt bílastæði, þverar malbikaðan göngu- og hjólastíg (græni stígurinn), áður en kemur í Grunnuvatnaskarð. Reiðveganefnd Spretts gerði þær athugasemdir við skipulagslýsingu fyrir ofangreint svæði að reiðleiðin skuli liggja frá Kjóavöllum um hlið sem er á girðingu milli Kjóavalla og Sandahlíðar. Eins og reiðleiðin er sýnd á skipulagsuppdraetti þá er hætta á að óæskileg vélknúin umferð freistist til að aka frá Elliðavatnsvegi eða bílastæðum inn á reiðveginn, sem á þessum stað er 4 mtr. breiður malarstígur. Ekki skiptir máli hvar græni stígurinn er þveraður. Sé þessi tilhögun, sem tillagan gerir ráð fyrir, tilkomin vegna skógræktar í Sandahlíð þá benda hestamenn á að skógrækt og hestamennska geta vel farið saman eins og dæmin sanna.

Miðað við hver staðan er þá óskar hestamannafélagið eftir því við bæjaryfirvöld í Garðabæ að framkvæmdaleyfi verði veitt fyrir reiðvegi um Grunnuvatnaskarð og Grunnuvötn. Einnig að Garðabær fjármagni verkefnið.

Virðingarfyllst

Fh. Hestamannafélagsins Spretts

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

formaður Spretts

Hestamannafélagið Sprettur

Halldór H. Halldórsson

formaður Reiðveganefndar Spretts

Hestheimum 14 – 16

203 Kópavogi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

